

Uppbygging ferðapjónustu í landi Skriðu í Hornafirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 7. nóvember 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Steinar Resort ehf. um uppbyggingu ferðapjónustu í landi Skriðu í Hornafirði, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 12.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Lands og skóga, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Orkustofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skriða ferðapjónusta í Hornafirði – Matsskyldufyrirspurn. 7. nóvember 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Hornafirði dags. 5. desember 2024
- Umhverfisstofnun dags. 9. desember 2024
- Vegagerðinni dags. 12. desember 2024
- Náttúrufræðistofnun dags. 16. desember 2024
- Minjastofnun Íslands dags. 16. desember 2024
- Landi og skógi dags. 17. desember 2024
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 2. janúar 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 16. janúar 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppbyggingu tveggja hótela og smáhýsa auk baðlóns og starfsmannaíbúða:

- 200 herbergja hótél við baðlón, 16.500 m² að stærð á 3-5 hæðum með um 450 gistirúmum
- 200 herbergja hótél við þjóðveg, 10.000 m² að stærð á 2-3 hæðum með 450 gistirúmum
- 90 smáhýsi, heildarbyggingarmagn um 4.000 m², hvert hús á 1-2 hæðum og heildarfjöldi gistirúma um 400. Byggt upp í áföngum samkvæmt eftirspurn þar sem 15 hús verða byggð í hverjum áfanga.
- 1.200 m² baðlón fyrir um 700 manns.
- 10 starfsmannaíbúðir í einbýli, rað- eða parhúsum á einni hæð, heildarbyggingarmagn um 1.500 m².

Umfang bygginga er um 35.000 m² og er heildarfjöldi gistirúma um 1.260.



Áætlað er að leggja nýjan 1500 m langan og 5,5 m breiðan veg að hótélum, smáhýsum og starfsmannaíbúðum og útbúa 375 bílastæði við hótélin, smáhýsin og starfsmannaíbúðirnar og gert ráð fyrir þau verði samanlagt um 8.500 m². Heildarefnisþörf er áætluð um 20.000 m³ og verður efni fengið úr námu með starfsleyfi.

Áfangaskipting uppbyggingar

Gert er ráð fyrir að svæðið komi til með að byggjast upp í áföngum og stefnt að því að hefja uppbyggingu vegahótels fyrst en í áföngum og muni sú uppbygging taka um 6 ár. Áformað er að framkvæmdir við uppbyggingu hótels með baðlóni hefjist um ári seinna en uppbygging vegahótelsins og gert ráð fyrir að þeim ljúki á um 3 árum. Smáhýsi verða byggð upp eftir eftirspurn og gert ráð fyrir að 15 hús verði byggð upp í hverjum áfanga fyrir sig. Uppbygging starfsmannaíbúða verði samhliða annarri uppbyggingu og verði henni einnig áfangaskipt.

Vatnstaka, raforkunotkun og fráveita

Áætluð raforkuþörf fyrirhugaðrar starfsemi er um 130-145 kW og verður svæðið tengt raforkudreifikerfi RARIK. Neysluvatn og vatn í baðlóni verður fengið úr borholu á svæðinu en staðsetning holunnar hefur ekki verið ákveðin. Árleg vatnsþörf er áætluð um 10 l/s en getur mest orðið 15 l/s.

Allt frárennsli verður hreinsað eins og kveðið er á um í reglugerð um fráveitur og skólþ. Skólþ verður hreinsað með tveggja þrepa hreinsun og til að tryggja að fráveitan valdi ekki álagi á vatnið þveit mun skólpið verða geislað með útfjólubláum geislum til að fækka örverum í því. Áætlaður heildarfjöldi persónueininga er 1.760. Baðlónið fellur undir A-flokk lauga samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund og baðstöðum. Sótt verður um leyfi til heilbrigðiseftirlits um að nota ekki sótthreinsiefni og er áætlun vegna viðhalds og hreinsunar lóns lögð fram til samþykktar til heilbrigðiseftirlits. Reiknað er með að affall af lóni verði leitt til hreinsunar á staðnum. Viðtaki hreinsaðs skólps og vatns úr baðlóni er jarðvegur innan framkvæmdasvæðisins og mun hreinsað fráveituvatn sitra í átt að vatninu þveit.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að skoða verði sem allra fyrst hvað eigi að gera við svo mikið magn fráveituvatns frá baðlóni og að alls óvíst sé að hægt sé að veita því í yfirborðsvatn á svæðinu vegna mögulegra áhrifa á vatn og umhverfi. Stofnunin bendir á að skv. reglugerð um fráveitur og skólþ megi til að mynda hámarks hitabreyting af völdum frárennslis ekki vera meiri en 2 °C. Umhverfisstofnun bendir einnig á að endanleg stærð, staðsetning og útfærsla hreinsivirkja fráveitu og ofanvatns þurfi að liggja fyrir áður en hægt sé að meta umhverfisáhrif af starfseminni á vatn og eins þurfi framkvæmdaraðili að meta áhrif fráveitu á þá gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin sem verði fyrir áhrifum vegna fráveitu og hvort þau uppfylli þau umhverfismarkmið sem sett hafi verið fyrir þau.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili muni meta möguleg áhrif vatnstöku og fráveitu á vatnshlot. Matið verði í samræmi við lög um stjórn vatnamála og samkvæmt reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Horft verður til nýútgefna leiðbeininga Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Steinar Resort ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á gróður og vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé að mestu leyti flokkað sem mólendi, graslendi og skógrækt samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar. Innan svæðisins



má þó finna vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins. Samkvæmt vistgerðarkortinu eru votlendisvistgerðir á svæðinu en við úttekt framkvæmdaraðila á svæðinu hafi engar votlendisvistgerðir fundist. Framkvæmdaraðili muni takmarka óþarfa rask eins og kostur er en jarðvinna á framkvæmdatíma muni koma til með að valda varanlegu raski á vistgerðum svæðisins. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á gróðurfar og vistgerðir verði nokkuð neikvæð.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að kortleggja þurfi betur vistgerðir svæðisins. Votlendi sé til staðar innan svæðisins en það nái líklega ekki tilskilinni stærð, þ.e. 2 ha eða stærra, til að það njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndaralaga. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar sé ekki nógu nákvæmt fyrir skipulagsvinnu framkvæmda og kanna þurfi betur sjaldgæfar plöntutegundir innan skipulagssvæðisins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ósamræmi sé í upplýsingum í greinargerð þar sem fram komi á einum stað að framkvæmdaraðili hafi gert úttekt á vistgerðum svæðisins og ekki hafi fundist neinar votlendisvistgerðir en á öðrum stað kemur fram að raska verði votlendi. Það sé því óljóst hvort framkvæmdirnar munu koma til með að valda raski á votlendisvistgerðum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekkert votlendi sé innan framkvæmdasvæðisins. Framkvæmdaraðili hyggist fá náttúrufræðing til að kortleggja vistgerðir innan framkvæmdarsvæðis. Gripið verði til viðeigandi mótvægisáðgerða eftir kortlagningu, ef þörf er á.

Áhrif á fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að vestan við framkvæmdasvæðið sé mikið votlendi og flokkist það sem mikilvægt fuglasvæði samkvæmt Náttúrufræðistofnun. Gera megi ráð fyrir að fuglalíf verði fyrir truflun á meðan framkvæmdum stendur og mun aukin umferð innan svæðisins á framkvæmda- og rekstartíma hafa varanleg áhrif á fuglalíf. Fram kemur að framkvæmdin muni einnig hafa í för með sér beint rask á fuglalífi þar sem raska þurfi votlendi. Reynt verði að halda raski á lífríki og votlendi í lágmarki og leitast verði við að skapa góðar aðstæður fyrir fuglalíf eftir að framkvæmdum ljúki með endurheimt votlendis þar sem það hefur raskast. Fram kemur að forðast verði að fara í framkvæmdir sem feli í sér umfangsmikla jarðvinnu, byggingarstarfsemi og vegagerð. á meðan á varptíma stendur til að draga úr áhrifum á fuglalíf. Fuglalíf verði vaktað fyrir, á meðan og eftir uppbyggingu og muni líffræðingur sjá um fuglatalningar að vori ár hvert í 10 ár að framkvæmdum loknum. Framkvæmdaraðili hyggst áfangaskipta uppbyggingunni og leita áhlits náttúrufræðinga og líffræðingar milli áfanga. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á fuglalíf geti orðið neikvæð en með boðuðum mótvægisáðgerðum verði áhrifin óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að útfærsla vöktunaráætlunar mætti vera skýrari og telji stofnunin einnig mikilvægt að varþangur sé metinn með talningu fugla síðsumars. Uppbyggingin muni óneitanlega trufla fuglalíf og stofnunin telur fulla þörf á að vernda fuglalíf svæðisins, sérstaklega við þveit, með því að takmarka umferð ferðamanna á varptíma, þ.e. frá maí til ágúst. Stofnunin telur að flytja þurfi gatnamót framkvæmdasvæðisins við Þjóðveg 1 sunnar til að vernda fuglalíf við þveit fyrir aukinni umferð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að nánari útfærsla á vöktunaráætlun verði unnin í samráði við vöktunaraðila og að samráð verði haft við Vegagerðina á seinni stigum skipulags varðandi hönnun gatnamóta.

Í umsögn sinni leggur Umhverfisstofnun áherslu á að framkvæmdir eigi að fara fram utan varptíma en telur mjög jákvætt að áformað sé að áfangaskipta uppbyggingunni og leita áhlits náttúrufræðinga og líffræðinga milli áfanga. Umhverfisstofnun taki undir með framkvæmdaraðila að fuglalíf verði fyrir raski á meðan framkvæmdum standi en þar að auki megi gera ráð fyrir því að búsvæði fugla skerðist við framkvæmdirnar.



Áhrif á vatnshlot

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé innan grunnvatnshlots Austfjarða (102-292-G). Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins sé óþekkt og metið sé að staðbundið álag á vatnshlotið sé vegna öskuhauga eða sorplosunar. Framkvæmdirnar eru í nálægð við vatnið þveit sem hefur vatnshlotsnúmerið 103-1989-L og er vistfræðilegt ástand vatnshlotsins talið mjög gott en efnafræðilegt ástand sé óþekkt og ekkert álag skráð á vatnshlotið. Fram kemur að við vatnstöku verði horft til þess að hún samræmist skilyrðum Vatnaáætlunar. Hugsanleg áhrif vatnstöku á vatnsbólið verði metin og viðeigandi mótvægisáðgerðir lagðar fram ef þörf þyki eða staðsetning borholu endurmetin. Hvað varði áhrif fráveitu á vatnshlot þá kemur fram að fráveituhreinsun verði vöktuð auk mögulegra áhrifa á vatnið þveit. Vöktunaráætlun verði útfærð í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands og tryggt að hún verði í samræmi við Vatnaáætlun. Vatnið þveit sé ekki með neitt skráð álag en viðbúið sé að það geti orðið fyrir auknu álagi vegna fráveitu og telur því framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdanna á vatnshlot geti orðið nokkuð neikvæð.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að gera þurfi ítarlega grein fyrir þeim þáttum sem áætlað sé að hafi neikvæð áhrif á vatnshlotin. Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé leyfilegt að heimila framkvæmd sem valdi því að umhverfismarkmið vatnshlota náist ekki. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þurfi að gera ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotin þar sem metin séu áhrif framkvæmdanna á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræði til að meta hvort framkvæmdirnar muni valda því að vatnshlotin nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Slíkt áhrifamat skuli m.a. innihalda hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif og samlegðaráhrif allrar starfsemi sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili muni meta möguleg áhrif fráveitu og vatnstöku á vatnshlot. Matið verði í samræmi við lög um stjórn vatnamála og samkvæmt reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Horft verði til nýútgefina leiðbeininga Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að samkvæmt greinargerð sé talið líklegt að fyrirhuguð vatnstaka muni valda niðurdrætti í grunnvatnsstöðu, en ekki komi fram hver möguleg áhrif þess verði á vatnið þveit.

Áhrif á verndarsvæði

Fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar að í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013 hafi Alþingi samþykkt 11 svæði til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Svæðið Undirhlíðar í Nesjum hafi verið annað af tveimur dýrasvæðum á þeim lista. Í Undirhlíðum séu búsvæði tröllasmiðs sem sé stærsta skordýr og bjöllutegund sem finnist á Íslandi og sé skilgreindur sem séríslensk undirtegund. Tröllasmiður sé mjög staðbundinn og sé því viðkvæmur fyrir raski á búsvæðum. Í tillögu Náttúrufræðistofnunar vegna náttúruverndaráætlunar 2009 – 2013 hafi verið lagt til að vernda búsvæði tröllasmiðs á 20 km² svæði og skarist það svæði við land Skriðu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé aðeins 0,4 km² og telur því framkvæmdaraðili að uppbyggingin hafi hverfandi áhrif á 20 km² búsvæði tröllasmiðsins.

Áhrif á landslag og ásýnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að breytingar verði á landslagi vegna bygginga og baðlóns á svæði sem áður var ræktunarland og óbyggt land. Lagt verði upp með að byggingar falli inn í landslagið með náttúrulegum klæðningarefnum. Smáhýsin verði á einni til tveimur hæðum en hótelin á 2-5 hæðum. Við hönnun mannvirkja verði horft til 69 gr. laga um náttúruvernd og með



Því að fylgja því sem þar segir og huga að ásjúnd við hönnun mannvirkja telur framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdanna á landslag og ásjúnd verði óveruleg.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að dreifbýlisyfirbragð svæðisins, sem í dag einkennist af bóndabýlum, túnum, vatni og fjöllum muni augljóslega breytast með fyrirhugaðri uppbyggingu en telur jákvætt að hugað sé að ásjúnd við hönnun mannvirkja og þess gætt að þau falli sem best að svipmót landsins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili sé meðvitaður um að dreifbýlisyfirbragð svæðisins muni breytast með fyrirhugaðri uppbyggingu. Það sé markmið framkvæmdaraðila að huga vel að ásjúnd við hönnun mannvirkja til þess að þau falli sem best að svipmóti landsins og að dregið verði úr neikvæðum áhrifum eins mikið og kostur er. Framkvæmdaraðili telur undir mikilvægi þess að tryggja gott samræmi við núverandi landslag og umhverfi. Þess vegna verði lögð sérstök áhersla á vandaða hönnun á öllum stigum framkvæmdarinnar.

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að unnið verði að fornleifaskráningu fyrir svæðið samhliða gerð deiliskipulags en að samkvæmt kortasjá Minjastofnunar Íslands séu engar minjar að finna á framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á fornleifar verði óveruleg.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að umfjöllun um menningarminjar sé óskýr í greinargerðinni, bæði komi þar fram að skráning fornleifa verði unnin á deiliskipulagsstigi en einnig sé vísað til þess að engar minjar séu innan svæðisins miðað við kortasjá Minjastofnunar Íslands. Stofnunin bendi á að ekki þurfi aðeins að vinna að skráningu fornleifa, heldur einnig húsa og mannvirkja sem falli undir verndarákvæði laga um menningarminjar séu slík innan svæðisins. Fornleifaskráning fyrir svæðið liggur fyrir sem unnin var af Fornleifafræðistofnun; *Fornleifaskráning í landi Skriðu í Nesjum*. Samkvæmt henni séu tvær fornleifar skráðar innan svæðisins, rúst og landamerki. Landamerkið sé staðsett alveg nyrst innan svæðisins en rúst sé í stórhættu þar sem hún sé staðsett þar sem fyrirhugað sé að reisa starfsmannahús. Við yfirferð minjavarðar hafi svo bæst við annar mögulegur minjastaður og kanna þurfi því svæðið betur. Minjastofnun Íslands telur að áhrif framkvæmdanna á fornleifar verði neikvæð en leggur til að við frekari útfærslu svæðisins verði byggingarreit starfsmannaíbúða hnikað til varnar fornleifa. Sé slíkt ekki mögulegt þurfi að leita leyfis stofnunarinnar til að fá að raska þeim og mun stofnunin í kjölfarið leggja mat á það hvort og þá með hvaða skilmálum þær megi víkja. Einnig þurfi að hafa samráð við stofnunina varðandi skoðun á mögulegum minjum sem bættust við innan svæðisins sem og varðandi skráningu húsa og mannvirkja.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að unnið hafi verið að fornleifaskráningu fyrir svæðið samhliða gerð deiliskipulags en skráningin hafi ekki legið fyrir við gerð matsskyldufyrirspurnar. Engar byggingar innan framkvæmdasvæðis falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar. Gripið verður til viðeigandi mótvægisáðgerða, ef þörf er á. Samráð verði haft við Minjastofnun varðandi minjar sem fundist hafa á svæðinu og tilhögun framkvæmda ákvörðuð samkvæmt því.

Áhrif á umferð

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að aðkoma að framkvæmdasvæðinu sé frá Þjóðvegi 1 og sé gert ráð fyrir nýrri frárein að framkvæmdasvæðinu. Fram kemur að umferðabungi muni aukast með tilkomu ferðabjónustunnar og á framkvæmdatíma megi einnig gera ráð fyrir aukinni umferð vinnuvéla. Framkvæmdaraðili telur að íbúar í nærumhverfi framkvæmdasvæðisins verði ekki fyrir ónæði vegna umferðar á framkvæmda- og rekstrartíma og telur því áhrif framkvæmdanna af aukinni umferð verði óveruleg.



Í umsögn sinni bendir Vegagerðin á að sjónlengd þar sem fyrirhuguð tenging sé við Þjóðveg 1 sé of stutt en gera megi ráð fyrir talsverðri umferð við tengingu/vegamót við fulla starfsemi. Afleggjari upp að Skriðu virðist, samkvæmt greinargerð, liggja yfir svæði þar sem sumarhús sé nú þegar. Fram kemur að umferðaöryggi á Þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika vegamóta/tenginga og kveði veggögnunarreglur á um lágmarks fjarlægð á milli vegamóta/tenginga. Vegagerðin óski eftir samstarfi um það hvernig best sé að tengja framkvæmdarsvæðið við Þjóðveg 1.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að samráð verði haft við Vegagerðina á seinni stigum skipulagsins.

Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að jarðmyndanir svæðisins séu einsleitar og njóti ekki verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd og telur framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir verði óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að framkvæmdasvæðið einkennist af skriðuseti, vatns- og sjávarrofi. Í Ketillaugarfjalli sé súrt djúpberg og efst í fjallinu sé setberg eldra en 0,7 milljónir ára. Framan við gilið í Ketillaugarfjalli, Háuhraunsgil, sé forn aurkeila (skriðuvængur) og í henni megi greinilega sjá virkan árfarveg og framburð úr gilinu. Virk aurkeila sé einnig í Rauðuskriðum. Tvær kolsýrulaugar séu þekktar innan og í nálægð skipulagssvæðisins og falli þær undir 61. gr. um sérstaka vernd náttúruverndarlaga. Núverandi ástand lauganna sé óþekkt. Mjög mikilvægt sé að kanna hættu á ofanflóðum innan svæðisins, eins og áætlað er í greinargerð.

Áhrif á ferðaþjónustu og útivist

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ferðaþjónusta sé ört vaxandi í sveitafélaginu og að stefnt sé að aukinni ferðaþjónustu í sveitum Hornafjarðar í gildandi aðalskipulagi með auknum gistirúmum og afþreyingu fyrir ferðamenn. Framkvæmdin svari aukinni eftirspurn um gistirúm á svæðinu og styðji við stefnu sveitarfélagsins um ferðaþjónustu og telur framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdanna á ferðaþjónustu og útivist verði nokkuð jákvæð.

Áhrif á samfélag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir talsverðum fjölda starfsmanna í tengslum við rekstur hótelsins. Fyrirhuguð framkvæmd muni skapa atvinnu í sveitarfélaginu, bæði langtímastörf á rekstartíma og tímabundin störf á framkvæmdartíma auk þess að leiða af sér óbein atvinnutækifæri í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu með aukinni eftirspurn eftir afþreyingu, verslunar- og veitingaþjónustu. Framkvæmdaraðili telur áhrif framkvæmdanna á samfélag verði talsvert jákvæð.

Í umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að frekari gögn þurfi til að taka ákvörðun um uppbygginguna, engin umfjöllun sé um mögulega valkosti, hvort sem er í stærð eða fyrirkomulagi, lítil umfjöllun sé um áhrif á samfélag og ekkert sé fjallað um vöktun umhverfisáhrifa.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fjallað sé um valkosti. Þar komi fram að skoðaðir hafi verið aðrir valkostir varðandi staðsetningu, en þeir ekki þótt ákjósanlegir vegna fjarlægðar frá þéttbýli. Staðsetningin hafi orðið fyrir valinu vegna nálægðar við Höfn í Hornafirði og hafi þótt henta vel vegna afþreyingar og þjónustu sem þar sé í boði fyrir bæði ferðamenn og starfsfólk. Auk þess búi Skriða yfir stórbrotnu útsýni.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 en unnið er að breytingu aðalskipulags og samhlíða því gerð deiliskipulags fyrir svæðið.



Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er jafnframt háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og rekstrarleyfi sýslumanns skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Auk þess þarf leyfi Umhverfis- og Orkustofnunar til nýtingar á fersku vatni og jarðsjó sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu.

6 Niðurstaða

Um er að ræða uppbyggingu á ferðamannaáðstöðu á bænum Skriðu í Hornafirði með tveimur hótélum, 90 smáhýsum, starfsmannaíbúðum og baðlóni. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 12.04 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi, samlegðar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndunar, mengun og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd er uppbygging á ferðapjónustu sem felur í sér marga umfangsmikla framkvæmdaþætti, m.a. byggingu tveggja hótela, fjölmargra smáhýsa og baðlóns auk veglagningar. Umfang fyrirhugaðrar uppbyggingar er töluvert en gert er ráð fyrir að byggingarmagn nemi um 35.000 m² og að fjöldi gesta verði í kringum 1.260 manns. Hér er um að ræða mjög umfangsmikil áform og ljóst að framkvæmd af þessu umfangi kann að hafa veruleg neikvæð áhrif á ýmsa umhverfisþætti. Einnig þarf að horfa til aukins álags á svæðið vegna þessa mikla gestafjölda sem gert er ráð fyrir. Fráveita er mjög umfangsmikil og tekur Skipulagsstofnun undir með Umhverfisstofnun um að óvissa sé um með hvaða hætti hreinsunin komi til með að vera og hvaða áhrif hún kunni að hafa á vatnafar svæðisins og vatnið þveit. Jafnframt telur Minjastofnun Íslands að kanna verði svæðið betur með tilliti til fornleifa. Skipulagsstofnun telur í ljósi ofangreinds að umfang uppbyggingar kalli á nánari greiningu og mat á áhrifum hennar, auk umfjöllunar og mats á valkostum á umfangi og fyrirkomulagi eins og Sveitarfélagið Hornafjörður hefur bent á í umsögn sinni.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlandis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Eins og fram hefur komið er um að ræða mjög umfangsmikla framkvæmd á svæði þar sem finna má votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi en óvissa er um hvort votlendi sem kann að verða fyrir raski njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd. Þá er framkvæmdasvæðið einnig í næsta nágrenni við vatnið þveit sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd og er þar að auki hluti af stærra svæði sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði samkvæmt Náttúrufræðistofnun. Náttúrufræðistofnun telur að ljóst sé að fyrirhuguð uppbygging kunni að fela í sér rask á vistgerðum með hátt verndargildi og búsvæðum fugla og telur því nauðsynlegt að framkvæmdin gangist undir mat á umhverfisáhrifum og þurfi slíkt mat m.a. að ná til gróðurs og vistgerða, fuglalífs, hættu á ofanflóðum, breyttrar ásýndar og áhrif á vatnið þveit og lífríki þess.



Ljóst er að hin umfangsmikla uppbygging kemur til með að hafa ásýndarbreytingar í för með sér og tekur Skipulagsstofnun undir með Umhverfisstofnun um að fyrirhuguð uppbygging kunni að hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og það dreifbýlisyfirbragð sem einkennir það í dag. Einnig liggur fyrir að ekki hefur farið fram rannsókn sérfræðinga á vistgerðum og öðrum gróðri á svæðinu. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir á viðkvæmu svæði. Að mati Skipulagsstofnunar felast helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar í áhrifum á fuglalíf, vistgerðir með hátt verndargildi og ásýnd svæðisins. Hætt er við að fyrirhuguð uppbygging geti leitt til breytinga á lífríki utan þess svæðis sem verður fyrir beinu raski.

Skipulagsstofnun telur að óvissa ríki um ýmsa þætti fyrirhugaðra framkvæmda s.s. umfangi rasks á votlendi og vistgerðum með hátt verndargildi og tilhögun fráveitumála.

Að mati Skipulagsstofnunar mun fyrirhuguð uppbygging fela í sér umbreytingu á stóru svæði og auka álag vegna fjölda ferðamanna og kann þannig að hafa neikvæð áhrif á vistgerðir, lífríki og fuglalíf.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. febrúar 2025.

Reykjavík, 23. janúar 2025

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

